

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 31.01.2018

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 31.01.2018

Fundurinn var í framhaldi af fundi með ráðgjöfum Ráðrík ehf. En þær héldu einnig fund með kvenfélaginu Heklu og Búnaðarfélagi Skagahrepps.

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, og Vignir Sveinsson. Magnús Guðmannsson boðaði forföll með stuttum fyrirvara þannig að ekki var hægt að manna sætið hans. .

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Samstarfssamningur um skipan heilbrigðisnefndar

2. Gildistaka nýrrar persónuverndarlöggjafar

3. Breyting á landnotkun á Tjörn

4. Önnur mál

1. Vignir lagði fram samsstarfssamning um skipan heilbrigðisnefndar í eftirtöldum sveitarfélögum, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósþing, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur og Fjallabyggð. Sveitarstjórn Skagabyggðar setur sig ekki gegn skipan heilbrigðisnefndar fyrir Norðurland vestra.

2. Áætlað er að gildistaka nýrrar persónuverndarlöggjafar verði 25 maí næstkomandi. Oddvita falið að skoða málið og taka þátt í samstarfi á vegum SSNV.

3. Vignir lagði fram beiðni ábúanda á Tjörn um að taka Vesturnúp, lóð undir fjarskiptamastur landnúmer 226356 úr hefðbundinni landbúnaðarnotkun, einnig er beiðni um að taka úr landbúnaðarnotkun, lóð úr jörðinni Tjörn vegna íbúðarhúss, Tjörn 1, landnúmer 226357. Sveitarstjórn samþykkir beiðni.

4. Önnur mál.

Dagný benti á að sveitarstjórnarkosningar verða 25 maí næstkomandi og taka þarf frá samkomuhús og prenta kjörseðla.

Fleira ekki tekið fyrir fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið